

Leiðsögn – félag leiðsögumanna

Stjórnarfundur 22. október 2024, kl. 20:00. Fjarfundur.

Fundinn sitja:

Halldór Kolbeins Formaður (HK), Hildur Þöll Ágústsdóttir (HPÁ), Björn Júlíus Grímsson (BJG), Guðný Margrét Emilssdóttir (GME), Daði Hrólfsson (DH).

Dagskrá

1. Staða félags
2. Gjaldkeri fer yfir stöðu félags
3. Önnur mál

1. Staða félags

Formaður fer yfir stöðu félagsins. Samstarfssamningur við VR er raunverulega að skila sér:

Lausn kjarabrotamála er í flestum tilfellum farsæl og fljótleyst aðeins örfá mál virðast þyngri en þyrfti að vera. Eitt fyrirtæki sem hefur gert sig sekt um mörg brot virðist aðeins vera að taka sig á. Þessi úrvinnsla kjarabrotamála er eitthvað sem tekið hefur verið eftir og fregnir af því borist víða – símtöl eru að aukast til starfsfólks frá leiðsögumönnum sem eru að biðja um að þeirra mál sé skoðað.

Framundan er að skipa umræðunefnd um mótun á deild Leiðsagnar innan VR, framtíðarsýn, helstu hagsmunir sem þarf að beita sér fyrir, skipan stjórnar þar o.s.frv. Í byrjun nóvember verður ljóst hverjir verða í nefndinni.

Umræða var um þetta og stjórnarmenn sammála um að gleðilegt sé að sjá árangur í lausn kjarabrotamála. Stjórn er sammála um nauðsyn á umræðunefnd með VR.

2. Gjaldkeri

Gjaldkeri fer yfir stöðu félags sem er góð og á pari við það sem hún var á sama tíma á síðasta ár. Reikningar vegna lögræðiaðstoðar hafa verið greiddir á árinu fyrir mál sem fyrri stjórn stofnaði til á síðasta ári en féllu til greiðslu á þessu rekstrarári. Örlítið færri, eða um 15 manns, eru að greiða fast árgjald en á síðasta ári.

3. Önnur mál

a) Fundargerðir.

Samþykkt er að fresta þessari umræði til næsta stjórnarfundar.

Fundi slitið kl. 20:46